



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 20.03.2019

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Varðar: 149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 86 — 86. mál.

Útskrift úr fundargerð 1747. fundar bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar 15. mars, 2019.

Eftirfarandi fært til bókar:

Föstudaginn 15. mars 2019 kom bæjarstjórn Seyðisfjarðar saman til fundar í fundarsal íþróttamiðstöðvar, 2 hæð. Hófst fundurinn kl. 16:00

Mætt voru: Hildur Þórisdóttir L-lista, Benedikta Guðrún Svavarsdóttir L-lista,
Vilhjálmur Jónsson B-lista, Oddný Björk Daníelsdóttir D-lista, Rúnar Gunnarsson L-lista,
Elvar Snær Kristjánsson D-lista, Þórunn Hrund Óladóttir L-lista,
Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri.
Fundarritari var Dagný Erla Ómarsdóttir.

5. Nefndarsvið Alþingis 6.03.2019 – 86. mál til umsagnar

„Bæjarstjórn óskar eftir að Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis endurorði spurningu í tillögu sinni um framtíð Reykjavíkflugvallar, 86. mál, á eftirfarandi máta:

„Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands-, kennslu- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík?

. Já.

. Nei.“

Tillaga samþykkt með sjö greiddum atkvæðum.

Það tilkynnist hér með


Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri